

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



17. desember 2019

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 158. mál á 150. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum (leyfisskylda)

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpi þessu er það samið að tilstuðlan Hagsmunasamtaka heimilanna. Með frumvarpinu er stefnt að því að fella öll innheimtufyrirtæki undir sömu lagareglur er varða leyfisskyldu og eftirlit, óháð persónulegri stöðu endanlegra eigenda þeirra. Þannig er ætlunin að tryggja betur jafnræði og efla réttaröryggi neytenda á fjármálamarkaði.

Um þessar mundir hefur frumvarp um breytingu á lögum um neytendalán vegna svokallaðra smálána verið til meðferðar á vettvangi Alþingis. Af því tilefni vilja samtökin vekja athygli á því að frumvarp þetta er mikilvægur liður í því að stemma stigu við innheimtu lána með ólögmætan kostnað, með því að fella öll íslensk innheimtufyrirtæki undir leyfisskyldu og valdsvið Fjármálaeftirlitsins.

Fram kemur í álitni meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar á þskj. 718. í 223. máli á 150. löggj. að vinna sé í gangi í dómismálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti við að að skýra betur reglur um starfsemi löginneheimtuaðila og eftirlit með starfseminni. Meirihlutinn hvetur til að þeirri vinnu verði hraðað eins og kostur er og frumvarp verði lagt fram á vorþingi.

Af þessu tilefni benda Hagsmunasamtök heimilanna á að þau helstu atriði sem samtökin telja þurfa að skerpa á í innheimtulögum koma nú þegar fram í því frumvarpi sem hér um ræðir. Samtökin leggja því til að frumvarp þetta verði tekið sem fyrst á dagskrá Alþingis og vísað til meðferðar viðkomandi nefndar, en neytendamál falla undir allsherjar- og menntamálanefnd. Við þinglega meðferð málsins væri eðlilegt að leita eftir tillögum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem innheimtulög heyra undir, óháð þeirri vinnu sem á sér stað í öðrum ráðuneytum varðandi reglur um löginneheimtu, sem eru utan gildissviðs innheimtulaga skv. 2. málsl. 2. mgr. sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Loks vísa samtökin til umsagnar þeirra um 223. mál á 150. löggjafarþingi varðandi neytendalán, þar sem var nánar fjallað um skilvirk úrræði til að koma böndum á ólögmæta lánastarfsemi.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 04.03.2020
Tilv. 2020/0199 - 0.3.01
ÞAÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 158. mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 21. febrúar 2020, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 158. mál.

Neytendastofa vill gera athugasemdir við b. lið 3. gr. frumvarpsins. Stofnunin vill byrja á að benda á að hún telur engan vafa vera á því að lög 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, taki til hvers kyns viðskiptahátta þ.m.t. innheimtustarfsemi. Það leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að brot á lögum nr. 95/2008 teljist vera óréttmætir viðskiptahættir sem Neytendastofa getur brugðist við. Neytendastofa yrði því að taka til meðferðar og meta í hverju tilviki hvort brot gegn lögum nr. 95/2008 teljist jafnframt brot gegn góðum viðskiptaháttum samkvæmt lögum nr. 57/2005.

Í því samhengi vill Neytendastofa benda á að á grundvelli laga nr. 57/2005 hefur stofnunin tekið ákvarðanir vegna markaðssetningar og viðskiptahátta gagnvart fjármálafyrirtækjum og vegna matvæla og lyfja svo dæmi séu tekin. Þó hefur aldrei komið til álita eða verið talin þörf á að vísa til þess að stofnunin hafi slíkt eftirlit í þeim sérlögum sem um starfsemina eða vörurnar gilda.


Taki Efnahags- og viðskiptanefnd ekki undir ofangreind sjónarmið Neytendastofu telur stofnunin nauðsynlegt að breyta orðalagi 3. gr. b. með þessum hætti:

„Um eftirlit með innheimtuaðilum fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, eftir því sem við getur átt.“

Framangreind tillaga er einnig þess eðlis að óþarft er að setja nafn Neytendastofu inn í texta laganna sem einnig getur valdið ákveðnum misskilningi og/eða ruglingi.

Að lokum vill Neytendastofa taka fram að stofnunin tekur ekki til meðferðar einkaréttarlegar kröfur neytenda heldur er eftirlit hennar allsherjarréttarlegs eðlis. Að sjálfsgöðu geta neytendur komið með ábendingar og kvartanir til stofnunarinnar sem geta leitt til aðgerðar gagnvart fyrirtækjum þ.m.t. innheimtuaðilum en veita þeim ekki sjálfkrafa rétt til t.d. endurgreiðslu frá inneimtuaðila. Orðalag ákvæðisins og ummæli í greinargerð getur leitt til þess að neytendur telji að Neytendastofa geti leyst úr kröfum þeirra gagnvart innheimtufyrirtækjum.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri



11. mars 2020
Tilv.: 2002112

Nefndasvið Alþingis
nefundasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 150. löggjafarþing, 158. mál

Með tölvupósti dags. 21. febrúar 2020 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á innheimtulögum. Nánar tiltekið er lagt til að lögaðilar í eigu lögmanna og lögmansstofa hafi ekki lengur heimild til að stunda innheimtu fyrir aðra nema að fengnu innheimtuleyfi.

Tilgangur með breytingunni er að tryggja að aðilar komist ekki hjá starfsleyfisskyldu með því að skráðir eigendur þeirra séu lögmenn og eins til að jafna samkeppnisstöðu innheimtuaðila.

Í tengslum við framangreint telur Seðlabankinn nauðsynlegt að benda á að með breytingum á innheimtulögum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/2018, voru tekin af öll tvímæli um hverjir fari með eftirlit með innheimtustarfsemi lögaðila í eigu lögmanna. Sambærilegt ákvæði hefur auk þess verið í reglum um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum frá árinu 2008, sbr. 2. gr. núgildandi reglna nr. 981/2016. Seðlabankinn telur því ljóst að lögaðilar í eigu lögmanna eða lögmansstofa eru undir eftirliti að því er varðar innheimtustarfsemi og er ekki sammála þeirri fullyrðingu sem kemur fram í greinargerð að innheimtuaðilar geti starfað án eftirlits.

Seðlabankinn gerir að öðru leyti ekki sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Guðrún Finnborg Þórðardóttir


Grímur Sigurðarson

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: seðlabanki@seðlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605